

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur haldinn þann 17. mars 2021 kl.

20:00 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 22 öðrum gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda til samþykktar vegna ársins 2020
2. Lagabreytingar
3. Heiðursviðurkenningar
4. Ávarp gesta
5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - a. Kosinn formaður til eins árs
 - b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
 - c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
 - d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
6. Önnur mál
7. Fundarslit

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn, býður gesti velkomna og stingur upp á Helga Arnarsyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Helgi kemur í pontu. Hann þakkar það traust sem honum er sýnt að fá að stýra þessum fundi. Helgi leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram.

Ólafur formaður byrjar á því að minnst tveggja féлага sem létust á árinu, það voru Ævar Örn Jónsson og Lára Ingimundardóttir. Hann les upp hverjir voru í stjórn síðasta árs og fer svo yfir skýrslu stjórnar. Hann segir frá því að það hafi verið hópur sem hittist til að ræða um Afreksbrautina. Þessi hópur var að skoða mál varðandi íþróttahús við Afreksbraut og er búið að ákveða að stofna nefnd til að halda málinu gangandi. Þau sem hittust á þessum fundum voru, Ólafur sjálfur, Kristín Örlygsdóttir og Jón Björn Ólafsson. Hann talar um að staðan sé aðeins breytt því nú fáum við fínt íþróttahús í Innri-Njarðvík og talar hann um að við munum þó ekki gefast upp á Afreksbrautinni.

Hann ræðir um umræðu á samfélagsmiðlum og þá sérstaklega slæma umræðu um gengi körfuknattleiksliðsins, það sé ekki neinum til framdráttar og ekki til að hjálpa liðinu. Hann hvetur fundargesti til að hjálpa til við að hætta þessari slæmu umræðu. Knattspyrnudeildin er búin að gera mjög flotta hluti og gera aðstöðuna mun betri en hún var og telur hann að við þurfum ekki að kvíða neinu með þessa kraftmiklu menn innanborðs.

Helgi þakkar Ólafi fyrir sitt ávarp og býður Gunnari Þórarinssyni að koma í pontu og kynna ársreikning félagsins.

Gunnar Þórarinsson kemur í pontu. Hann talar um að það sé góður rekstur á félaginu og hann hrósar stjórnarmönnum fyrir góðan rekstur á deildum félagsins. Hann fer yfir

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

ársreikning félagsins. Hann nefnir m.a. að bæði tekjur og kostnaður hafi aukist.

Hagnaður ársins var tæpar 2,5 milljónir. Hann leiðréttir eina ranga tölu í samtstæðu reikningins (sem er þó rétt annarsstaðar í reikningum). Allar deildir eru reknar í

hagnaði. Hann talar um að þetta sé frábær árangur og ánægjulegt að sjá þetta á

þessum tímum. Hann býður fundargestum að taka til máls, engin óskar eftir því. Hann

óskar stjórnarmönnum deilda og félagsins til hamingju með góðan rekstur.

Helgi kemur í pontu og tekur undir hamingjuóskir varðandi góðan rekstur félagsins og deilda.

Helgi ber reikninga félagsins upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.

2. Helgi býður Jennýju Lárusdóttur og koma í pontu og fara yfir tillögu til lagabreytinga sem barst frá Skúla Sigurðssyni.

Tillagan snýr að 17. grein laga félagsins sem lúta að aðalfundum deilda. Tillöguna má sjá hér að neðan. Breytingar/viðbót eru merktar með **breiðu letri**.

17. grein (var)

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar, 16 ára og eldri hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildarinnar. Til aðalfundar deildarinnar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega. Aðalfundur deildar er löglegur ef löglega er til hans boðað.

17. grein (verður)

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir eigi síðar en **1.mars** ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar, 16 ára og eldri hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildarinnar. Til aðalfundar deildarinnar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega. Aðalfundur deildar er löglegur ef löglega er til hans

boðað. **Þurfi að boða til aukaaðalfundar vísast til 22. greinar.**

Helgi kemur í pontu og býður fundargestum að tjá sig um þessa tillögu, engin óskar eftir því. Hann ber tillöguna upp til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

3. Helgi býður Ólafi að koma í pontu til að veita heiðursviðurkenningar. Eftirfarandi aðilum er veitt:

Silfurmerki fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið:

Sigurður H. Ólafsson (knd)

Bronsmarki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið:

Einara Lilja Kristjánsdóttir (kkd/aðalstjórn)

Anna Gunnlaugsdóttir (sundd)

Guðbjörg Jónsdóttir (3N)

Gunnlaug F. Olsen (Massi)

Guðmundur S. Gunnarsson (Júdó)

Helgi óskar viðurkenningarhöfum til hamingu og býður Ólafi Thordersen að koma í pontu. Ólafur kemur í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Sá bikar er ætlaður þeim sem vinna fyrir félagið. Hann talar um að það sé mjög mikilvægt að hlúa að barna- unglingastarfi félagsins. Bikarinn í ár hlýtur kona sem hefur unnið í mörg ár fyrir félagið, hún hefur unnið mikið og gott starf fyrir körfuna. Það er Guðný Björg Karlsdóttir sem hlýtur bikarinn.

4. Helgi óskar Guðnýju til hamingju og býður Guðmundi Sigurbergssyni frá UMFÍ að koma í pontu. Guðmundur óskar félagsmönnum til hamingu með glæsilega skýrslu og ársreikning. Þetta er búið að vera skrítið ár og margt sem við höfum

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

þurft að takast á. Hann óskar félagsmönnum til hamingju með nýtt tilvonandi húsnæði og vonar að það komist fljótt í gagnið. Hann hvetur fólk til að huga að Íslenskri getspá og nefnir að það bjóðast ýmsar leiðir á internetinu til að spila en flestar þeirra eru útlenskar og skila engu til baka til landsins. Hann talar um frestun og seinkun á ýmsum viðburðum UMFÍ. Það er vonast til þess að hægt verði að halda unglíngalandsmótið í ár. Nú fer fram stefnumótun UMFÍ varðandi unglíngahreyfinguna og verður m.a. leitað til félagsmanna til þess, hann talar um að það sé mikilvægt að sem flestir taki þátt í því og það sé mikilvægt að vita hvað hreyfingin vill. Hann hvetur fundarmenn til að nýta þjónustumiðstöð UMFÍ. Að lokum veitir hann Ólafi Þ. Eyjólfssyni starfsmerki UMFÍ. Hann fer yfir störf Ólafs fyrir UMFN. Að lokum flytur hann fundargestum kveðju formanns og starfsfólks UMFÍ og óskar félagsmönnum góðs gengis.

Helgi flytur kveðju frá Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra.

Friðjón Einarsson úr bæjarstjórn Reykjanesbæjar kemur í pontu. Hann hrósar félaginu fyrir ótrúlegan ársreikning. Það er ánægulegt að sjá að 70% af tekjum félagsins komi frá Reykjanesbæ. Hann ræðir um styrktarsamninga á milli félagsins og Reykjanesbæjar sem hafa reynst vel. Samstarf við Ólaf og Jennýju hefur verið virkilega gott. Nýlega voru þau saman á fundi þar sem hópur áhugasamra aðila vill stækka og styrkja íþróttakademínua. Hann var ánægður með mætingu frá UMFN á fund varðandi þetta mál. Hann ræðir um byggingu nýs íþróttahúss við Stapaskóla og vonar að þetta verði til lukku fyrir félagið og sveitarfélagið. Nú fer að hefast tilraun þar sem bíll keyrir um seinni partinn til að aðstoða yngstu börnin við að komast í íþrótt- og tómsundastarf. Það er von um að það gangi vel. Við hlökkum öll til að sjá ljósin kvikna á nýja gervigrasvellingum fyrir aftan Reykjaneshöllin og vonandi verður það sem fyrst. Það náðist samstaða milli bæjarins og beggja félaganna um staðsetningu vallarins. Hann talar um að nýtt íþróttasvæði við Afreksbraut verði einhvern tímann að veruleika en það muni vera í samhengi við nýjan grunnskóla á svæðinu. Einnig ræðir hann um að nýtt

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

fimleikahús muni líklega rísa síðar við Afreksbrautina. Einnig vantar nýtt íþróttahús og sundlaug á Ásbrú en því miður er ekki hægt að byggja allt í einu. Reykjanesbær stendur sig nokkuð vel að styrkja íþróttahreyfinguna miðað við önnur sveitarfélög. Hann hvetur félagsmenn til að halda áfram að berjast fyrir meiri fjármunum frá bæjarfélaginu. Hann óskar félagsmönnum til hamingju.

Guðmundur S. Gunnarsson kemur í pontu, hann þakkar fyrir flotta reikninga og gott gengi og minnst á gott gengi í mörgum íþróttagreinum innan félagsins. Hann þakkaði Reykjanesbæ fyrir nýjan keppnisvöll glímudeildarinnar og það sé nú þegar búið að halda mót. Hann talar um að það sé von um að það verði pláss fyrir glímudeildina í nýju íþróttahúsi UMFN.

Gunnar Örn Guðmundsson kemur í pontu. Hann var mjög ánægður að heyra í Friðjóni varðandi nýtt íþróttahús að það hafði verið ákveðið að stækka íþróttahúsið frá því sem fyrst átti að vera og þakkaði fyrir það.

Jenný framkvæmdarstjóri félagsins kemur í pontu og minnst á það sem Friðjón kom inn á, að samningar sem skrifað var undir við Reykjanesbæ eru gríðarlega mikilvægir fyrir félögin. Það var lengi búið að tala um að það vantaði starfsmann fyrir deildina og vonar hún að það sé komið til að vera. Bærinn hefur staðið sig vel á síðasta ári og veitt góða styrki, það sé vel gert. Reikingurinn sýnir stöðu um áramót en mikið var skorið niður. En nú fer kostnaður að segja til sín því nú eru móttin að byrja og nú fer hratt af eigin fé hvefrrar deildar. Hún fagnar akstri yngstu barnanna, það sé búið að taka langan tíma að koma því á laggirnar en gott að það er komið að því. Bærinn vill standa undir nafni sem íþróttabær, Stapaskóli og gervigrasvöllurinn koma til með að skipta miklu máli, við þökkum fyrir þetta en hún nefnir að vonir standi um að Afreksbraut komist á tímalínu hjá Reykjanesbæ og beinir því sérstaklega til Friðjóns. Hún býður gestum að taka með sér gos og kökur í nesti.

Friðjón kemur aftur í pontu og talar um að Jenný og Ólafur séu mjög dugleg að

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

ýta að málum félagsins hjá bæjarstjórn. Hann ræðir einnig um að samfélagið í kringum íþróttahreyfinguna hér svæðinu styrki félögin lítið, annað en sveitarfélegið sjálft. Styrkir frá samfélaginu til íþróttahreyfingarinnar hér á svæðinu séu mjög litlir miðað við hjá sumum öðrum sveitarfélögum. Það er mun meira verðmæti sem kemur frá fyrirtækjum í öðrum sveitarfélögum.

5. Kosningar;

- a. Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða.
 - b. Einara L. Kristjánsdóttir og Þórdís Björg Ingólfssdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
 - c. Thor Hallgrímsson og Hámundur Örn Helgason bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosnir samhljóða.
 - d. Valþór Söring og Kristín Örlygsdóttir bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir til vara og eru þau öll kosin samhljóða.
6. Helgi býður fundargestum að taka til máls undir liðnum önnur mál. Jenný segir frá nýrri persónuverndarstefnu þar sem notuð var persónuverndarstefna ÍSÍ og hún heimfærð fyrir UMFN. Persónuverndarstefnan var lögð fyrir fundinn til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Helgi þakkar fyrir góðan fund og vekur athygli á að ekki hafi verið leyfilegt að halda kaffihlé á þessum fundi vegna sóttvarnarástæðana og hvetur gesti til að taka með sér nesti sem er í boði. Hann talar um að velgengi félagsins sé hægt að mæla í fleiru en því hversu oft við hittum bolta í körfu.

Ólafur kemur í pontu og talar um góð samskipti við bæjarstjórn og ÍT-ráð og talar um að bærinn sé búinn að standa sig gríðarlega vel og ekki sé hægt að kvarta yfir neinu varðandi það.

7. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:13.